



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra,

Reykjavík, 27. janúar 2020

Efni: Hvatning til aukinna fjárfestinga til óháðar grunnrannsókna og eflingar hug- og félagsvínsinda

Tilefni þessa bréfs stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar (RA) er tvíþaett. Annars vegar bréf stjórnar Vísindafélags Íslendinga dagsett 24. janúar sl. (sjá meðfylgjandi afrit), sem skrifð er í tilefni þess að um þessar mundir er unnið að stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs. Stjórn RA tekur undir tillögur stjórnar Vísindafélagsins um að fjárfesting stjórnvalda í grunnrannsóknum á Íslandi fylgi Barcelona-viðmiðum aðildarfjára Evrópusambandsins og hækki úr 0.72% af VLF (vergri landsframleiðslu) árið 2018 í 1% og að þessi aukning fari til að efla Rannsóknasjóð sem hverju sinni úthlutar fjármagni til okkar hæfstu vísindamanna. Stjórn RA styður ennfremur eftirfarandi tillögur Vísindafélagsins:

Að tryggt verði að fjármögnun sjóðsins haldi í við efnahagsþróun. Lagt er til að fjármögnun sjóðsins verði bundin við verga landsframleiðslu á svipaðan hátt og framlög Íslands til rammaáætlunar Evrópusambandsins

Ríkið fari í sértækari aðgerðir og ívilanir til þess að hvetja til stofnunar einkasjóða og fjárfestingar einkaaðila í grunnrannsóknum að fyrirmundur erlendra sjóða eins og til dæmis Carlsberg-sjóðsins í Danmörku.

Fylgja þarf fjárfestingu í grunnrannsóknum eftir þar til Ísland stendur jafnfætis nágrannalöndunum í vísindafjármögnun.

Hins vegar, og ekki síður, er tilefni þessa bréfs nýafstaðin úthlutun úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs þar sem einungis 14% þeirra verkefna sem sótt var um styrki til fengu úthlutað og auk þess var hlutur hugvísinda verulega skertur í þeirri úthlutun frá því sem verið hefur. Það er verulegt áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag hversu lágt úthlutunarhlutfallið er. Fáir styrkir og lágor draga úr slagkrafti íslensks vísindasamfélags og skerða möguleika vísindamanna til þess að sækja fé í erlenda sjóði. Ekki síður er það áhyggjuefni að hlutfall styrkja til hugvísinda af heildarupphæð lækkaði úr 18.02% á árinu 2019 í 5.13% á árinu 2020 og af upphæð öndvegis- og verkefnistyrkja úr 17.23% í 4.16%. Í meðfylgjandi töflu má sjá þessa þróun sl. 5 ár:

	2016	2017	2018	2019	2020
Af heildarupphæð	14.95%	9.58%	18.92%	18.02%	5.13%
Af upphæð öndvegis- og verkefnastyrkja	13.87%	6.10%	18.82%	17.23%	4.16%

Óheftar rannsóknir hugvísindamanna gegna margbættu menningarlegu- og samfélagslegu hlutverki og stuðla að viðsýni og auknum skilningi okkar á eigin umhverfi og auka á þann hátt lífsgæði þjóðarinnar. Þannig treysta rannsóknir á hugvísindasviði stoðir íslenskrar menningar sem er annað af tveimur meginhlutverkum Vísinda- og tækniráðs, sbr. 1.gr laga um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

Fyrir hönd stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar,


Ingunn Ásdísardóttir
Stjórnarformaður ReykjavíkurAkademíunnar

Samhljóða bréf var sent mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra.